

Reykjavík 6. júní 2024.

Umsögn um frumvarp vegna breytinga á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Mál 1130.

Okkur finnst galli að útfærslan á rekstrarstuðningnum miði eingöngu við tekjufall rekstraraðila en ekki sé tekið tillit til kostnaðar sem fylgir sjálfum rekstrinum.

Hárgreiðslustofu okkar var til að mynda lokað þann 10. nóvember s.l.

Húsnæðið hefur staðið autt síðan þá og án allra leigutekna.

Við tókum húsnæði undir hárgreiðslustofu á leigu í Reykjavík sem jók rekstrarkostnaðinn til muna, enda húsaleiga fjórfalt dýrari í höfuðborginni en í Grindavík.

Ef við fáum ekki tækifæri til þess að selja Þórkötlunni atvinnuhúsnæði okkar, sem væri mjög ósanngjarnt, svo hægt sé að fóta sig á nýjum stað með reksturinn, þá finnst okkur þurfa að vera í boði húsaleigustyrkur vegna atvinnuhúsnæðis. Það er mjög krefjandi að greiða bæði af láni og rekstrarkostnað af fasteigninni í Grindavík og vera á sama gátma að leigja dýra aðstöðu á öðrum stað svo hægt sé að vera úti á vinnumarkaðinum.

Í sama húsi og hárgreiðslustofan er í, var rekin blóma og gjafavöruverslun. Það húsnæði hefur einnig staðið autt. Ekki stendur til að opna hvoruga þessa starfssemi á ný, þar sem allt fólk er farið úr bænum og því nákvæmlega engin rekstrargrundvöllur lengur. Ekki sér fyrir endan á þessum náttúruhamförum og versnar staða bæjarins við hvert eldgosið.

Í okkar tilfalli væru uppkaup atvinnuhúsnæðis því fyrir bestu, þar sem allt okkar fé er bundið í fasteigninni. Við viljum bara ekki hafa trú á öðru en að þið hafið áhuga á að koma til móts við okkur litlu fyrirtækjagendurna.

Virðingarfyllt

Rúnar Sigurður Sigurjónsson

Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir

